

TRÚNAÐARMÁL

Tillaga nr. 1 að málefagnagrundvelli Kvennalistans í stjórnarmyndunarviðræðum 1991.

Til grundvallar:

Stefnuskrá 1991

Til hliðsjónar :

Málefagnagrundvöllur 1987

Grein ISG í Mbl. 23.03.91

Samráðsfundur 16.-17. mars 91.

Í sjálfu sér er stefnuskráin málefagnagrundvöllurinn en verkefnið hér er að:

- a) forgangsraða málum og ákveða hvaða mál verða undir engum kringumstæðum notuð sem skiptimynt í samningum.
- b) setja niður eiginlegar (konkret) lausnir og kröfur í einstökum málaflokkum.

Tillagan miðar að sterkum "kvenna-prófil", bæði vegna málefnnanna sjálfra og hugsanlegra framkvæmda í ríkisstjórn, og til þess að okkar "lína" komist sem einföldust og skýrust út í gegnum fjölniðlahávaðann sem fylgir stjórnarmyndunarviðræðunum. (Ef við semjum markmiðsblað fyrir ríkisstjórn legg ég til að lykilordið verði kvenfrelsi.)

I. Launa- og kjaramál kvenna.

- 1) Lög um lágmarkslaun?
- 2) Ákveðnu prósentuhlutfalli af heildarlaunakostnaði ríkisins verði varið til að hækka laun þeirra sem starfa hjá ríkinu í hefðbundnum kennastörfum. Framkvæmt í ársbyrjun 1992. Jafnframt verði sett á fót nefnd sem framkvæmi gagngert endurmat á störfum kvenna, þar sem uppeldis-, þjónustu- og umönnunarþættir hefðbundinna kennastarfa verði metnir til jafns við aðra þætti sem vega þungt í starfsmati. Samsetning? Skiladagur?
- 3) Í samningum ríkisins við starfsmenn sína skal vægi dagvinnulauna aukið með hækkun grunntaxta dagvinnu og lækkun eftirvinnustuðuls. Meta skal heimilisstörf til jafns við önnur störf sem starfsreynslu hjá hinu opinbera.
- 4) Að persónuafsláttur verði hækkaður og skattleysismörk miðuð við framfærslukostnað.
- 5) Settur verði á fót vinnuhópur til að gera gagngera úttekt á fyrirkomulagi tekjuskatts og eignaskatts einstaklinga með tilliti til hagsmuna kvenna. Skoða skal sérstaklega kosti og galla samsköttunar og sérsköttunar hvað varðar efnalega afkomu og viðurkenningu á fjárhagslegu sjálfstæði kvenna. Einnig greiðslur barnabóta og lífeyrisréttindi hjóna, ekki síst heimavinnandi fólks. Vinnuhópurinn skili af sér eigi síðar en 1. mars 1992. Eftir þann tíma áskilur Kvennalistinn sér allan rétt til að flytja tillögur til breytinga á þeim lögum sem við eiga ef honum sýnist svo við horfa.

- 6) Það mun verða rætt í stjórnarmyndunarviðræðum hvernig taka skuli á kjaramálunum í heild sinni, sbr. þjóðarsátt. Hvernig bregðumst við við því? Legg til að við leggjumst gegn afskiptum og aðild ríkisstjórnar að kjarasamningunum á hinum almenna vinnumarkaði. Samningar eiga að heita frjálsir, það er atvinnurekenda að greiða laun og ekki ríkisins að bæta fólkí upp lág laun með hliðarráðstöfunum. Hér eru undanskildir samningar ríkisins við sína eigin starfsmenn, sem við leggjum til að verði beitt á stefnumótandi hátt til að rétta hlut kvenna sbr. hér að ofan.

II. Mál sem tengjast móðurhlutverki kvenna.

- 1) Foreldrar haldi launagreiðslum sínum í fæðingarorlofi og heimavinnandi njóti fullra viðmiðunargreiðslna.
9 mánuðir?
- 2) Tryggja að konur geti gengið að fyrra starfi að loknu fæðingarorlofi og að foreldrar geti tekið sér a.m.k. 6 mánaða launalaust leyfi frá starfi er fæðingarorlofi lýkur.
- 3) Hraðað verði uppbyggingu leikskóla með tímabundnum stuðningi ríkisins (þar til eftirspurn eftir leikskólarými hefur verið annað?).
- 4) Fjármagni verði tafarlaust varið til að tryggja börnum í grunnskóla samfelldan skóladag (- og athvarf í skólanum að skóladegi loknum, sé þess óskað?).

III. Atvinnumál.

Grunnstefna: Hlutverk stjórnvalda er fyrst og fremst upplýsingaöflun, ráðgjöf, markaðsleit og aðstoð við fjármögnun, sem mismunar ekki verkefnum, miðar að fjölbreytni og er náttúrunni vinsamleg.

Beinar aðgerðir:

- 1) Tillaga um ákveðna upphæð innan Byggðastofnunar til atvinnuuppbyggingar fyrir konur (sjá till.)

Sjávarútvegur:

- 2) 80% heildarafla verði úthlutað til byggðarlaga, 20% í veiðileyfasjóð (sjá nánar í stefnuskrá).
- 3) Sérstök áhersla á atvinnuaðstæður fiskvinnslufólks (atvinnuöryggi, launaendurmat, gæða- og nýtingarbónus).

Landbúnaður ?

Iðnaður:

- 4) Fallið verði frá fyrirhuguðum framkvæmdum við byggingu álvers og áhersla þess í stað lögð á uppbyggingu umhverfisvæns iðnaðar. Athuga skal möguleika á vetnisframleiðslu.

IV. Umhverfismál.

(til viðbótar við það sem þegar er komið)

Grunnstefna. Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um skipulag og hverskonar framkvæmdir og rekstur.

Beinar aðgerðir:

- 1) Allar stofnanir sem fara með umhverfismál falli undir umhverfisráðuneytið og umhverfiseftirlit stórlega bætt.

V. Efnahags- og ríkisfjármál.

Almenn efnahagsmarkmið:

- 1) Hallalaus rekstur ríkissjóðs.
- 2) Jákvæðir en hóflegir raunvextir.
- 3) Forgangsraða verkefnum þannig að fjölskyldan og velferð heimilanna sé í fyrirrúmi. Markmið fjárveitinga endurskoðað reglulega. Eitt fyrsta verkefnið verði niðurfelling vask. á matvælum og hækjun skatta á munaðarvörum, þannig að vask.þrep verði 3.
- 4) Endurskoðun sjóðakerfis atvinnuveganna með tilliti til uppbyggingar, nýsköpunar og ábyrgðar atvinnurekenda á eigin rekstri.
- 5) Stærstu auðlindir þjóðarinnar, fiskimið, fallvötn, háhitasvæði og ferskvatnslindir, verði lýstar þjóðareign.

Tekjuöflun:

- 1) Tvö tekjuskattsþrep og stighækkandi eignaskattar.
- 2) Skattlagning fjármagnstekna.
(Gæti verið spurt: Viljum við hækka eða lækka skatta almennt - fyrir utan tilfærslur skatta? Svar ?)
- 3) Stöðvaður verði undirbúningur undir frekari virkjanir - og e.t.v. fleira?
- 4) Áhersla verði lögð á innlendar lántökur og innlendant sparnað, erlendum lántökum settar strangar skorður.

VI. Friðar- og utanríkismál.

- 1) Íslendingar taki á ný upp hlutleysisstefnu þá sem lýst var yfir þegar landið hlaut fullveldi.
- 2) Að Ísland og hafsvæðin umhverfis landið verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.
- 3) Hernaðarframkvæmdir hér á landi verði stöðvaðar og brottför hersins undirbúin.
- 4) Framlög til þróunaraðstoðar tvöfölduð og þeim einkum beint til aðstoðar við konur og börn.
- 5) Ísland standi utan Evrópubandalagsins og evrópska efnahagssvæðisins.

Síðan önnur atriði stefnuskrár
eftir því sem um semst.

S.D.K.

44

TRÚNADARMAL

Tillaga nr. 2 áð mállefnaðagrundvelli Kvennalistans í stjórnarmyndunarviðræðum 1991

Til grundvallar:	Stefnuskrá 1991
Til hliðsjónar:	Mállefnaðagrundvöllur 1987
	Grein ISG í Mbl. 23. 3. 91
	Samráðsfundur 16. - 17. mars 91

Mállefnaðagrundvöllurinn er stefnuskráin, en verkefnið hér er áð:

- forgangsraða málum og ákveða hvaða mál verða undir engum kringumstæðum notuð sem skiptimynt í samningum.
- setja niður eiginlegar lausnir og kröfur í einstökum málaflokkum.

Tillagan miðar áð sterkuð "kvenna-prófil", bæði vegna mállefnaðanna sjálfra og hugsanlegra framkvæmda í ríkisstjórn og til þess áð okkar "lína" komist sem einföldust og skýrust út í gegnum fjölmíðlahávaðann, sem fylgir stjórnarmyndunarviðræðunum. Lykilorðið verði kvenfrelsi, ef samið verður markmiðsblað fyrir ríkisstjórn.

I. Launa- og kjaranál kvenna...

1)

Samningum við ríkisstarfsmenn verði beitt til þess áð þrýsta á hækjun legstu launa. Viðræður verði hafnar strax áð lokinni myndun ríkisstjórnar. Ákveðnu prósentuhutfalli af heildarlaunakostnaði ríkisins verði varið til áð hækka laun þeirra, sem starfa hjá ríkinu og hafa laun innan við: a) 73 þús. kr. á mánuði, b) 80 þús. kr. á mánuði. (Ath. krónutöluhékkun eða afliðandi prósentuhékkun upp áð tvöfaldri lágmarksupphæð). Jafnframt verði sett á fót nefnd, sem framkvæmi gagngert endurmat á störfum kvenna, þar sem uppfeldis-, þjónustu- og umönnunarþættir hefðbundinna kvennastarfa verði metnir til jafns við aðra þætti, sem vega þungt í starfsmati.

2)

í samningum ríkisins við starfsmenn sína skal vægi dagvinnulauna aukið með hækjun grunntaxta dagvinnu og lækkun eftirvinnustuðuls. Meta skal heimilisstörf til jafns við önnur störf sem starfsreynslu hjá hinu opinbera.

3)

Það mun verða rætt í stjórnarmyndunarviðræðunum, hvernig taka skuli á kjaramálunum í heild sinni, sbr. þjóðarsátt.

Grunnafstaða: Við leggjumst gegn afskiptum og aðild ríkisstjórnar að kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði. Á sl. áratug hafa slik afskipti haft í för með sér, að launabilið milli kvenna og karla hefur breikkað. Auk þess eiga samningar að heita frjálsir. Það er atvinnurekenda að greiða laun, en ekki ríkisins að bæta fólk i upp lág laun með hliðarráðstöfunum í samningum. Hér eru eðlilega undanskildir samningar ríkisins við sína eigin starfsmenn, sem við leggjum til, að verði beitt á stefnumótandi hátt til að rétta hlut kvenna, sbr. hér að ofan.

4)

Lög um lágmarkslaun ef i nauðir rekur.

5)

Persónuafsláttur verði hækkaður og skattleysismörk miðuð við framfærslukostnað.

6)

Settur verði á fót vinnuhópur til að gera úttekt á fyrirkomulegi tekjuskatts og eignaskatts einstaklinga með tilliti til hagsmuna kvenna. Skoða skal sérstaklega kosti og galla samsköttunar og sérsköttunar hvað varðar efnalega afkomu og viðurkenningu á fjárhagslégu sjálfstaði kvenna. Einnig greiðslur barnabóta og hugmyndir um persónufrádrátt vegna barna, svo og lifeyrisréttindi hjóna, ekki sist heimavinnandi fólks. Vinnuhópurinn skili af sér eigi síðar en 1. jan. 1992. Eftir þann tíma áskilur Kvænnalistinn sér allan rétt til að flytja tillögur til breytinga á þeim lögum sem við eiga, ef honum sýnist svo við horfa.

II. Mál sem tengjast móðurhlutverki kvenna.

1)

Foreldrar haldi launagreiðslum sínum í fæðingarorlofi og heimavinnandi njóti fullra lágmarksgreiðslna. Skipting greiðslna í fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga verði afnumin. Stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður, sem allir atvinnurekendur, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri, greiði til ákveðið hlutfall af launum.

2)

Tryggt verði að konur geti gengið að fyrra starfi að loknu fæðingarorlofi og að foreldrar geti tekið sér a.m.k. 6 mánaða launalaust leyfi frá starfi er fæðingarorlofi lýkur án réttindamissis.

3)

Hraðað verði uppbyggingu leiðskóla með stuðningi ríkisins. Arið 1992 verði 250 millj. kr. til þessa verkefnis á fjárlögum.

4) *Lagðar*

Sveitarfélögum verði gert kleift að koma lögum um grunnskóla í framkvæmd. Samningaviðræðum þar um við sveitarfélögin hefjist ekki síðar en 1. ágúst 1991.

III. Atvinnumál

Grunnstefna:

Hlutverk stjórnavalda er fyrst og fremst upplýsingaöflun, rádgjöf, markaðsleit og aðstoð við fjármögnun, sem mismunur ekki verkefnum, miðar að fjölbreytni og er náttúrunni vinsamleg. Um er að ræða tvær meginstefnur í atvinnumálum. Annars vegar þá sem ekki tekur tillit til þess umhverfis, sem við byggjum lifsafkomu okkar á, stefna sem við höfnum. Hins vegar sú stefna, sem byggir á samhliða verndun og nýtingu umhverfisins, stefna sem við leggjum áherslu á.

Beinar gögneráini:

1)

Stofnuð verði deild innan Byggðastofnunar, sem hafi það hlutverk að vinna að uppbyggingu atvinnu fyrir konur. Til starfsemi dæildarinnar renni a.m.k. 20% af árlegum framlögum ríkisins til Byggðastofnunar, sem verði varið til ráðgjafar, lána, styrkja og annarrar fyrirgreiðslu vegna atvinnustarfsemi kvenna. Unnið verði markvisst að því að efla frumkvæði kvenna með fræðslu, hugmyndasamkeppni og námskeiðum.

2)

Ríkisvaldið marki þá stefnu að dreifa verkefnum um landið og auka hlutdeild kvenna í hvers konar störfum á vegum ráðuneyta og ríkisstofnana (jákvæð mismunun). Áhersla verði lögð á að slik dreifing verkefna út um landið verði framkvæmd af hagsýni, ekki með því að koma á fót nýjum stofnunum, reisa hús og minnismerki.

Síávarútvæði:

3)

Fiskimiðin verði í raun þjóðareign og við ráðstöfun aflaheimilda verði tekið mið af byggðasjónarmiðum, þannig að meginreglan verði: 80% heildarafla verði úthlutað til byggðarlaga, sem síðan úthluti eftir eigin reglum til skipa eða fiskvinnslufyrirtækja, 20% renni í sérstakan veiðileyfasjóð og verði til leigu, sölu eða til sérstakrar ráðstöfunar.

4)

Sérstök áhersla verði lögð á vinnuaðstæður fiskvinnslufólks (atvinnuþryggi  launaendurmat/)

Landbúnaður:

5)

Landnýtingaráætlun verði þegar gerð úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja og búvorusamningurinn endurskoðaður með hliðsjón af henni. Áhersla verði lögð á svæðabúskap með tilliti til landgæða.

IÁNAÐUR:

8)

Fallið verði frá fyrirhuguðum framkvæmdum við byggingu álvers og þess í stað lögð áhersla á uppbryggingu iðnaðar með tilliti til umhverfisverndar og byggðaþróunar. Athuga skal möguleika á vettvisframleiðslu.

IV. Umhverfismál

(til viðbótar því sem þegar er komið)

Grunnstefna:

Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um skipulag og hvers konar framkvæmdir og rekstur.

Beinar aðgerðir:

1.)

Allar stofnanir, sem fara með umhverfismál, falli undir umhverfisráðuneytið og umhverfiseftirlit stórlæga bætt.

V. Efnahags- og ríkisfjármál

Almenn efnahagsmarkmið:

1)

Hallalaus rekstur ríkissjóðs.

2)

Jákvæðir en höflegir raunvextir, ekki handstýrðir.

3)

Forgangsröðun verkefna með fjölskylduna og velferð heimilanna í fyrirrúmi. Markmið fjárveitinga verði endurskoðuð reglulega. Eitt fyrsta verkefnið verði niðurfelling vasks á matvælum og hækkan skatta á munaðarvörum, þannig að vaskþrep verði 3.

4)

Endurskoðun sjóðakerfis atvinnuveganna með tilliti til uppbryggingar, nýsköpunar og ábyrgðar atvinnurekenda á eigin rekstri.

5)

Starstu auðlindir þjóðarinnar, fiskimið, fallvötn, háhitasvæði og ferskvatnslindir, verði lýstar þjóðareign.

6)

Ísland standi utan Evrópubandalagsins og evrópska efnahagssvæðisins. Áhersla verði lögð á tvíhliða viðræður.

Tekjuöflunni

1)

Tvö tekjuskattsprep og stighækkandi eignarskattar.

2)

Skattlagning fjármagnstekna, byggð m.a. á árlægri, tæmandi skrá yfir hluthafa.

(Gæti verið spurt: Viljum við hækka eða lækka skatta almennt – fyrir utan tilfærslur skatta? Svar?)

3)

Stöðvaður verði undirbúningur undir frekari virkjanir – og e.t.v. fleira?

4)

Áhersla verði lægð á innlendar lántökur og innlendan sparnað, erlendum lántökum settar strangar skorður.

VI. Eriðar- og utanríkiðmál

1)

Íslendingar taki á ný upp hlutleysissstefnu þá, sem lýst var yfir, þegar landið hlaut fullveldi.

2)

Ísland og hafsvæðin umhverfis landið verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.

3)

Hernaðarframkvæmdir hér á landi verði stöðvaðar og brottför hersins undirbún.

4)

Framlög til þróunaraðstoðar verði trvöfölduð og þeim einkum beitt til aðstoðar við konur og börn.

Síðan önnur striði stefnuskrár eftir því sem um semst.